

Lagt fyrir 384. fund velferðarráðs 7. október 2020.
VEL2020020016

Tillaga formanns velferðarráðs um úthlutun styrkja.

Lagt er til að velferðarráð samþykki að veita samtals 4,5 m.kr. eða 1,5 m.kr. til hverra eftirfarandi hjálparsamtaka sem veita efnalitlu fólki aðstoð í formi matargjafa eða annarra nauðsynja: Fjölskylduhjálp Íslands, Hjálparstarf kirkjunnar, og Mæðrastyrksnefnd.

Greinargerð:

Við úthlutun velferðarráðs úr styrkjaþotti borgarsjóðs 26. febrúar sl. var ákveðið að halda eftir fjárhæð sem nam allt að 5% af styrkjaþottinum til að bregðast við umsóknum utan auglýsts umsóknartímabils og vörðuðu atburði eða verkefni sem ekki væri hægt að sjá fyrir.

Undanfarnir mánuðir hafa verið þeir erfiðustu í lífi margra sem eiga erfitt með að láta enda ná saman. Fjölskylduhjálp Íslands, Hjálparstarf kirkjunnar og Mæðrastyrksnefnd hafa komið þessum einstaklingum og fjölskyldum til hjálpar með matargjöfum og hefur ásókn aukist til muna. Rétt þykir því að ráðstafa til þeirra þeirri styrkfjárhæð sem haldið var eftir fyrir á árinu.